

## REGLUR

### um heimild Bílastæðasjóðs Reykjavíkur til brottflutnings ökutækja sem lagt hefur verið í bága við umferðarlög innan marka Reykjavíkurborgar.

#### 1. gr.

Reglur þessar gilda um brottflutning ökutækja í Reykjavík sem lagt hefur verið í bága við ákvæði 27.-28. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 110. gr. sömu laga.

#### 2. gr.

Bílastæðasjóður Reykjavíkur hefur heimild til brottflutnings ökutækja sem lagt hefur verið innan marka Reykjavíkurborgar í bága við ákvæði 27.-28. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 110. gr. sömu laga, og til að annast að öðru leyti framkvæmd ákvæða 1.-5. mgr. 110. gr. laganna.

#### 3. gr.

Stöðuvörður skal, skv. nánari reglum þar um, tilkynna varðstjóra Bílastæðasjóðs Reykjavíkur um ökutæki sem lagt hefur verið þannig að brjóti í bága við ákvæði um stöðvun og lagningu ökutækja, sbr. 27.-28. gr. og 1. mgr. 108. gr. laga nr. 50/1987.

#### 4. gr.

Stöðuvörður skal tilkynna varðstjóra um ökutæki skv. 1. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

- a. Ökutæki sem er lagt þannig að valdi hættu, t.d. með því að teppa alveg eða nær alveg gangstétt, gangstíg eða svipaðan stað eða þannig að byrgi sýn annarra vegfarenda.
- b. Ökutæki hefur staðið lengur en í 5 daga hreyfingarlaust á gjaldsvæði og fengið á sig auka-stöðugjöld á þeim tíma.
- c. Ökutæki hefur staðið lengur en í 2 daga hreyfingarlaust á stöðubroti og fengið á sig stöðubrotsgjald á þeim tíma.
- d. Ökutæki hefur staðið lengur en í 1 dag hreyfingarlaust í stæði fatlaðra og fengið á sig stöðubrotsgjald á þeim tíma.

#### 5. gr.

Varðstjóra er heimilt að óska eftir brottflutningi ökutækis sem stendur í samræmi við a-, b-, c- eða d-lið 4. gr. Ef ökutæki er lagt skv. a-lið skal óska brottflutnings án tafar.

#### 6. gr.

Verði af brottflutningi skal ökutæki fært til geymslu á tryggan stað. Geymsla ökutækisins er á ábyrgð eiganda. Um framkvæmd brottflutnings gilda að öðru leyti ákvæði 2. mgr. 110. gr. laga nr. 50/1987.

#### 7. gr.

Varðstjóri skal tilkynna lögreglu sem og eiganda ökutækis um flutninginn og skal þar koma fram hvenær flutningur átti sér stað og hvert ökutækið var flutt. Í tilkynningu til eiganda skal jafnframt tilgreint hvernig fer með ökutækið verði það ekki sótt og kostnaður greiddur, sbr. 2. og 4. mgr. 110. gr. laga nr. 50/1987.

#### 8. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 6. mgr. 110. gr. laga nr. 50/1987 og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 19. apríl 2013.*

**Ögmundur Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*